STJÓRNARTÍÐINDI B 27 — 1983

30. maí 1983 571 Nr. 347

AUGLÝSING

um friðlýsingu Háubakka í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur Náttúruverndarráð, að tillögu borgarstjórnar Reykjavíkur og í samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd borgarinnar, fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa Háubakka við Elliðaárvog í Reykjavík sem náttúruvætti.

Um mörk náttúruvættisins gilda eftirfarandi ákvæði:

Að vestan fylgja mörkin steyptum stoðvegg austan Súðarvogs að enda hans gegnt Tranavogi, frá punkti 1 (hnit x: 18059.19, y: 16237.0) norður að punkti 2 (x: 18066.71, y: 16360.65) sbr. uppdrátt. Þaðan bein lína til norðausturs í punkt 3 (x: 18030.28, y: 16409.50) og þaðan ræður hringbogi að punkti 4 (x: 18024.46, y: 16420.59) með 40.0 m radíus og miðju í punkti 36(x: 18062.35, y: 16433.41). Síðan ræður bein lína til norðausturs að punkti 5 (x: 17995.26, y: 16506.87), þaðan til norðurs í punkt 6 (x: 17985.79, y: 16558.0), þar beygja mörkin til austurs í punkt 7 (x: 17908.0, y: 16558.0), þá til suðvesturs í punkt 8 (x: 18006.0, y: 16290.0) og enn til suðausturs í punkt 9 (x: 18038.0, y: 16237.0). Þá beygja mörkin loks til vesturs aftur í punkt 1 við Súðarvog. Mörkin fylgja hnitapunktum úr hnitakerfi Reykjavíkur frá 1951.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Varðveita skal jarðmyndanir svæðisins í núverandi mynd. Hverskonar mannvirkjagerð eða jarðrask, sem breytt getur útliti eða eðli svæðisins, er óheimilt, nema til komi leyfi Náttúruverndarráðs.
2. Gangandi fólki er heimil för um svæðið, enda sé góðrar umgengni gætt. Þá er borgarstjórn heimilt, að höfðu samráði við umhverfismálaráð og skipulagsnefnd að setja nánari reglur um umferð og umgengni um svæðið.
3. Hverskonar losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil á hinu friðlýsta svæði.

Umhverfismálaráð hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Náttúruverndarráðs og borgarstjórnar.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum nátturuverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 30. maí 1983.

Ragnhildur Helgadóttir.

Birgir Thorlacius.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.



Nr. 348

1. júní 1983

REGLUGERÐ

um flutning hergagna með loftförum.

1. gr.

Hergögn má eigi flytja með loftförum skráðum á Íslandi eða erlendum loftförum sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir nema með leyfi ráðherra. Sama gildir um loftför er hefja sig til flugs, lenda á eða fljúga yfir íslenskt yfirráðasvæði. Ákvæði þetta á ekki við um Landhelgisgæslu Íslands og íslensk lögregluyfirvöld.